

Þorvaldur Gylfason*

Evrópa: Minni vinna, meiri vöxtur

Ágrip

Peningar eru ekki allt. Þótt landsframleiðsla á mann sé enn sem jafnan fyrir meiri í Bandaríkjunum en í mörgum Evrópulöndum, er landsframleiðsla á hverja vinnustund nú orðin meiri í nokkrum Evrópulöndum en í Bandaríkjunum. Þetta stafar af því, að margir Evrópumenn kjósa – og hafa efni á! – að vinna minna með því til dæmis að fara fyrir á eftirlaun en margir Bandaríkjamenn. Líffræðilegar staðtölur um líf skjör reistar á mælingum á líkamshæð fólks í ólíkum löndum segja svipaða sögu. Undangengna áratugi hefur tognað svo úr fullvöxnum Evrópumönnum, að þeir eru að meðtali orðnir mun hærri í loftinu en Bandaríkjamenn – og voru þó fyrir einum mannsaldri talsvert lægri að vexti en Bandaríkjamenn. Við þetta bætist, að Evrópumenn vinna nú mun færri stundir á ári en Bandaríkjamenn. Meira umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði í skiptingu auðs og tekna í Bandaríkjunum en í Evrópu kann að hafa tekið sinn toll.

* Höfundurinn er prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin birtist á ensku í *Challenge* í febrúar 2007. Prófessorarnir Arne Jon Isachsen, John Komlos og Þráinn Eggertsson gerðu margar góðar og gagnlegar athugasemdir við fyrri drög.

I. Inngangur

Skásti mælikvarðinn á árangur þjóða í efnahagsmálum væri landsframleiðsla rétt skráð í hlutfalli við aðföngin, sem varið er til framleiðslunnar. Ekki hefur hagfræðingum þó enn tekizt að búa til slíkan kvarða. Því valda ýmis mælivandkvæði.

Algengasti kvarðinn á efnahagsárangur þjóða, verg landsframleiðsla á mann, missir marks af þrem höfuðástæðum. Hin fyrsta er auðskilin og orkar ekki heldur tvímælis. Verg landsframleiðsla (VLF¹) tekur ekki með í reikninginn ýmsa umfangsmikla efnahagsstarfsemi eins og til að mynda heimaframleiðslu svo sem þjónustu heimavinnandi fólks og neðanjarðarstarfsemi svo sem svartamarkaðsviðskipti, né heldur lítur þessi algengi mælikvarði til breytinga á mikilvægum stofnstærðum þjóðarbúskaparins, eignum þjóðarbúsins og skuldum, þar á meðal breytinga á ástandi náttúrunnar vegna mengunar og annarra umhverfisspjalla. Tökum dæmi. Íbúar lands geta haldið uppi góðum lífskjörum langtímum saman með því að safna skuldum í útlöndum eða ganga á auðlindir sínar og aðrar eignir, en tekjuöflun af þessu tagi getur ekki gengið til langs tíma litið. Indónesar bjuggu til dæmis lengi við öran hagvöxt eftir 1950 og byggðu vöxtinn á skógarhöggi auk margs annars, en hagkerfið þar austur frá tók djúpa dýfu eftir 1990, enda voru skógarnir þá að miklu leyti upp urnir.

Næsta álitamál um VLF er erfiðara viðfangs og vekur jafnan deilur. Nýlegar rannsóknir sálfræðinga og hagfræðinga virðast sýna, að skráð VLF endurspegli ekki hamingju manna eins og hún birtist í viðtalskönnunum, þar sem menn eru yfirheyrðir um eigin hamingju. Frá 1945 hefur VLF á mann vaxið ört í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan, en engrar sambærilegrar aukningar verður vart í viðtalsathugunum á hamingju (Layard, 2005). Í þverskurðargögnum er hægt að greina jákvætt samband milli tekna og hamingju í ólíkum löndum, þar sem VLF er minni en 15.000 Bandaríkjadóllarar á ári, en sambandið milli tekna og hamingju rofnar í löndum yfir því tekjumarki: meiri tekjur þar eru ekki óbrigðul ávísun á aukna hamingju.

Þessi ritgerð fjallar um þriðja gallann á VLF sem mælikvarða á efnahagsárangur og snýr að nefnara hlutfalls framleiðslu og mannfjölda frekar en að teljaranum. Hér er vandinn sá, að fólk er ekki aðfang til framleiðslunnar, öðru nafni framleiðsluþáttur. Sumir vinna, aðrir ekki, og í hópi vinnandi fólks vinna sumir meira en aðrir, sumir af

¹ Landsframleiðslan er kölluð verg, þegar tekinn er með í reikninginn sá hluti fjárfestingar, sem nauðsynlegur er til að endurnýja framleiðslutæki til mótvægis við slit og úreldingu. Landsframleiðslan er með líku lagi kölluð hrein, þegar endurnýjunarfjárfesting, öðru nafni afskriftir, er ekki talin með annarri fjárfestingu og framleiðslu.

því að þeir vilja vinna mikið, aðrir af því að þeir þurfa á því að halda. Með öðrum orðum: sú aðferð að deila upp í framleiðsluna með fjölda íbúa haltrar vegna þess, að hún greinir ekki vinnu, sem eðlilegast er að skoða sem aðfang til framleiðslunnar, frá tómstundum, sem eðlilegra virðist að líta á sem afurð frekar en aðfang.

Greinarmunurinn á aðföngum og afurðum skiptir máli í þessu viðfangi vegna þess, að flestir launþegar, mættu þeir ráða því sjálfir, kysu að fjölga tómstundum sínum og fækka vinnustundunum við gefnum tekjum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að taka með varúð hefðbundinni uppröðun landa eftir VLF á mann eins og sýnt er á mynd 1. Bandaríkin búa við landsframleiðslu á mann, sem er næstmest í heiminum öllum á eftir Lúxemborg á myndinni, en jafnvel þótt framleiðslutölurnar séu settar fram á kaupmáttarvirði til að taka mishátt verðlag í ólíkum löndum með í reikninginn, segir þessi mælikvarði okkur lítið um fyrirhöfnina á bak við framleiðsluna. Samt gera tölur um VLF á mann sitt gagn, því að þær lýsa því, hversu margir eru um hituna, það er milli hversu margra framleiðslan og tekjunnar skiptast, hvort sem þeir eru í vinnu eða ekki. Mynd 1 sýnir einnig, að framleiðsla á mann á Íslandi er í fimmta sæti listans, en myndin varar lesandann ekki við því, að margir Íslendingar vinna langa vinnuviku og safna skuldum, enda jukust vergar erlendar skuldir Íslendinga úr 60 prósent af VLF 1995 í 360 prósent af VLF haustið 2006 án samsvarandi aukningar innlendra og erlendra eigna.² Mikil framleiðsla á mann án mikillar fyrirhafnar og án meðfylgjandi skuldasöfnunar væri eftirsóknarverðari og líklega varanlegri.

Betri aðferð til að mæla efnahagsárangur og bera hann saman í ólíkum löndum er að deila upp í VLF með fjölda vinnustunda. Meginkostur þessa mælikvarða, VLF á vinnustund, öðru nafni vinnuframi, er sá, að hann endurspeglar landsframleiðslu í hlutfalli við aðfanganotkun – að vísu ekki notkun allra aðfanga, en þó þess framleiðsluþáttar, sem mestu skiptir, vinnunnar. Tökum menntun. Vel menntuð þjóð getur vænt mikilla tekna af tiltölulega lítilli og léttri vinnu og langra tímunda, og hún getur nýtt vinnutekjurnar, sparnað og tímundir til að halda uppi góðum lífskjörum. Verr menntuð þjóð með litlar eða engar auðlindir á ekki kost á þessu: hún verður annaðhvort að leggja hart að sér við líkamlega vinnu eða fresta því að fara á eftirlaun og fórna tímundum eftir því til að ná endum saman eða sætta sig við lágar tekjur, og lífskjör hennar verða þá lakari eftir því. Skásti lífskjarakvarðinn fyndist með því að deila í varanlega VLF – það er þá framleiðsla, sem hagkerfið getur staðið undir

² Vergar skuldir eru skuldirnar eins og þær koma af skepnunni til aðgreiningar frá hreinum skuldum, sem eru samkvæmt skilgreiningu vergar skuldir umfram eignir.

án þess að skerða auðlindir sínar niður fyrir æskileg mörk og án þess að safna skuldum upp fyrir æskileg mörk – með viðeigandi aðfangavísitölu, sem endurspeglar vinnustundafjölda auk annarra innlendra og aðfluttra aðfanga til framleiðslunnar. Þessi nálgun er okkur þó ofviða að svo stöddu, enda hefur þetta aldrei verið gert. Í þessari ritgerð verður því látið við það sitja að beina linsunni að fjölpjóðlegum samanburði vinnustunda og VLF á hverja vinnustund. Þessar stærðir verða síðan notaðar til að varpa nýju ljósi á sambandið milli ójafnaðar, lífskjara og líffræði yfir Atlantshafið. Hafi lesandinn ekki áður komið í tæri við mannsmælingar (e. *anthropometrics*), getur hann vænt þess að reka í rogastanz, þegar líður á lestur þessarar ritgerðar.

II. Vinnustundir

Um nokkurt skeið hefur Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) í París birt gögn um fjölda vinnustunda í aðildarlöndum OECD. Þessi gögn hafa samt ekki náð mikilli útbreiðslu vegna ýmissa réttmætra efasemda um samanburðarhæfni þeirra í ólíkum löndum. Það er ýmsum annmörkum háð að telja vinnustundir á sambærilegan hátt land úr landi, því að sums staðar tíðkast að draga matartíma frá vinnustundum og kaffitíma og annars staðar ekki og þannig áfram. Ekki er heldur auðvelt að eiga við vinnusvik og slugs. Þeir þykjast borga okkur, og við þykjumst vinna, var sagt í Sovétríkjunum sálugu.

Að undanfögnu hafa hagfræðingar í Háskólanum í Groningen í Hollandi undir leiðsögn prófessors Angus Maddison reynt að ná utan um þennan vanda með því að búa til nýjan þjóðhagsgagnabanka um 103 lönd frá 1950 til þessa, þar á meðal eru vinnutímatölur um 40 lönd.³ Matið á vinnutímanum tekur greiddar yfirvinnustundir með í reikninginn og skilur út undan greiddar, óunnar vinnustundir – óunnar vegna veikinda, sumarleyfa, orlofs og þess háttar. Svo sem lýst er á vefsetri Háskólans í Groningen (<http://www.ggdc.net>) er vinnustundamatið margvíslegum erfiðleikum bundið. Í sumum löndum eru tvenns konar gögn um vinnutíma í umferð hlið við hlið, mannaflagögn og fyrirtækjagögn. Mannaflagögnin eru jafnan ýtarleg og taka yfirvinnu með í reikninginn, veikindaforföll og fleira af því tagi, en þeim hættir til að ofmeta fjölda vinnustunda, þótt skekkjan sé trúlega ekki mikil. Fyrirtækjagögnin ná

³ Nákvæma lýsingu á gögnunum er að finna á vefsetrinu <http://www.ggdc.net>. Löndin í úrtakinu ná yfir 93 prósent af mannfjölda heimsins og 98 prósent af heimsframleiðslunni, þar eð sum fámenn og fátæk lönd eru ekki enn komin inn í gagnabankann.

yfirleitt aðeins til greiddra vinnustunda og stundum einnig til yfirvinnu og útheimta því ýmsar lagfæringar af því tagi, sem lýst er í Maddison (1980), til að taka á ýmsum fjarvistum frá vinnu. Vinnustundamatið fyrir hvert land er reist á mati á því, hvaða gagnabönkum hefur tekizt bezt að lagfæra frumgögnin, svo að þau komist sem næst því að ná utan um “raunverulegar vinnustundir á hvern starfandi einstakling.” Sums staðar (t.d. í Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum) er stuðzt við gögn frá ríkisstofnunum. Upplýsingarnar um Bandaríkin eru byggðar á óbirtum tölum frá vinnuáráðuneytinu um heildarvinnustundir deilt með fjölda starfandi fólks samkvæmt manntali. Annars staðar hafa hagfræðingarnir í Groningen stuðzt við gögn úr hagvaxtarrannsóknnum OECD.⁴ Í Evrópulöndum er fjöldi vinnustunda tekinn úr gögnum Evrópusambandsins (*Eurostat Labor Force Survey*); tölurnar eru lækkaðar lítillega til að veða á móti áður nefndu ofmati á unnum vinnustundum. Höfuðtilgangur þessa metnaðarfulla starfs er að búa til safn alþjóðlega sambærilegra gagna til að lýsa vinnunni á bak við framleiðsluna í ólíkum löndum og til að auðvelda samanburð á vinnuframleiðni milli landa. Slíkur samanburður á framleiðslu á vinnustund gerir okkur þá einnig kleift að bera saman lífskjör í ólíkum löndum og leysir okkur undan þörfinni fyrir að einblína á landsframleiðslu á mann, sem hefur hingað til verið helzti mælikvarðinn á lífskjör og gefið misgóða raun.

Hvað segja gögnin? Mynd 2 sýnir vinnustundir á hvern starfandi mann 2005 í sömu 35 löndum og sýnd eru á mynd 1.⁵ Suður-Kórea er fremst í flokki. Hvers vegna vinna Suður-Kóreubúar næstum tvisvar sinnum meira en Hollendingar? Kannski Suður-Kóreubúar séu iðnari en aðrar þjóðir á myndinni? Eða neyðast þeir kannski til að vinna svo hörðum höndum til að ná þeim lífskjörum, sem þeir sækjast eftir? Einu löndin á myndinni, þar sem vinnuálagið er meira en í Bandaríkjunum, eru nokkur umskiptalönd í Mið- og Austur-Evrópu auk Kýpur, Möltu, Tyrklands og Grikklands. Bandarískir launþegar og aðrir leggja því á sig lengri vinnuviku en launþegar alls staðar um Vestur-Evrópu auk Japans, Ástralíu og Nýja-Sjálands.⁶ Hvað veldur því? Eru Bandaríkjamenn iðnaðri en við hin? Er hagneming þeirra – gildismat, viðhorf, siðir og skoðanir – ef til vill frábrugðin hagnemningu Evrópuþjóðanna svo sem Phelps

⁴ Sjá Scarpetta o.fl. (2000, tafla A.13).

⁵ Uppspretta gagnanna, sem lýst er í þessum kafla og hinum næsta, er The Conference Board and Groningen Growth and Development Centre, Total Economy Database, maí 2006, <http://www.ggdc.net>.

⁶ Með launþegum og öðrum er átt við vinnandi fólk, einnig sjálfstæða atvinnurekendur, til dæmis bændur. Eftirleiðis verður orðið launþegar látið ná yfir allan hópinn.

(2006) heldur fram? Sé svo, virðist menningarmunurinn ekki líklegur til að rista djúpt, því að 1950 unnu evrópskir launþegar lengri vinnuviku en bandarískir launþegar (Gordon, 2006). Tölurnar frá Groningen bera vitni. Árið 1950 unnu launþegar í Bandaríkjunum færri stundir en launþegar í öllum öðrum iðnríkjum nema Ítalíu, Japan og Svíþjóð. Síðan þá hefur vinnustundum hvers starfandi manns á ári fækkað örar í Evrópu, og víðar, en í Bandaríkjunum. Þetta er sýnt á mynd 3, sem nær yfir 24 af löndunum 35 (upplýsingar um vinnustundir 1950 eru ekki til um ellefu af þeim 35 löndum, sem sýnd eru á myndum 1 og 2). Þau 55 ár, sem liðin eru síðan 1950, hafa bandarískir launþegar minnkað við sig vinnu um þrjár og hálf klukkustund á ári að jafnaði borið saman við átta stundir í Svíþjóð, níu á Bretlandi, tíu í Danmörku, ellefu í Frakklandi, tólf í Noregi, fimmtán í Hollandi og sautján í Þýzkalandi. Evrópumenn hafa því í miklu ríkari mæli en Bandaríkjamenn tekið út aukna hagsæld síðan 1950 í auknum tómstundum og ekki aðeins í hærri tekjum og meiri neyzlu. Spurningin er þessi: Hvers vegna gerðist þetta í Evrópu og ekki í Bandaríkjunum?

Gordon (2006) reifar nokkrar skýringar, sem settar hafa verið fram í rökræðum um þessa gátu undangengin ár. Blanchard (2004) færir rök að því, að Evrópumenn séu hneigðari til tómstunda en Bandaríkjamenn, og í þeirri skýringu felst, að fækkun vinnustunda í Evrópu er viljuð, þegar á heildina er litið, hún er ekkert óviljaverk. Alesina o.fl. (2005) kenna evrópskum verklyðsfélögum um minnkandi vinnu. Hér er hugmyndin sú, að verklyðsfélögum hafi tekizt sitt ætlunarverk – að hækka laun! – svo vel, að eftirspurn fyrirtækja eftir vinnuafli dróst saman og vinnan minnkaði eftir því. Sé svo, hefur fækkun vinnustunda í Evrópu verið viljuð af sjónarhóli verklyðsfélaganna, en óviljuð af hálfu verkafólks utan vébanda félaganna – fólksins, sem missti vinnuna. Prescott (2004) stingur upp á því, að þyngri skattbyrði í Evrópu en í Bandaríkjunum dragi úr vinnuvilja. Í þeirri skýringu felst, að Evrópumenn kysu trúlega helst að vinna engu minna en Bandaríkjamenn, væru skattheimta og almannatryggingar með svipuðu sniði báðum megin Atlantshafsins. Allar þessar skýringar eru trúlega góðra gjalda verðar, í ýmsum hlutföllum.

Við þennan lista virðist mega bæta þeirri skýringu, að blandaður markaðsbúskapur Evrópulandanna – þar sem rækt er lögð við allt í senn: almannatryggnustu ríkis og byggða, þar með taldar almannatryggingar, við einkaframtak og viðunandi jöfnuð í skiptingu auðs og tekna milli manna – kunnir að gefa af sér hagsauka, sem dregur úr þörf launþega fyrir vinnu utan heimilis og einkaneyzlu og greiðir þannig fyrir styttri vinnuviku og styttri starfsævi. Tölurnar tala skýru máli: í aldursflokknum 25 til 50 er

vinnuþátttaka í Evrópu – þ.e. í ríkjunum fimmtán, sem mynduðu Evrópusambandið fyrir fjölgun aðildarlandanna í 25 árið 2004 – svipuð og í Bandaríkjunum (Gordon, 2006). Þetta bendir ekki til minni vinnuvilja eða veikara vinnusiðferðis – sterkara tólmstundasiðferðis! – í Evrópu en í Bandaríkjunum. Þrír af hverjum fjórum evrópskum launþegum hætta að vinna snemma á sjötugsaldri, á meðan helmingur Bandaríkjamanna á sama aldri er enn að. Eftir sjötugt er fjórði hver Bandaríkjamaður enn í vinnu borið saman við tuttugasta hvern Evrópumann. Þessi munur á atferli eldri launþega og annarra virðist benda til þess, að örari fækkun vinnustunda í Evrópu síðan 1950 hafi að minnsta kosti að einhverju leyti verið viljuð, með því að marga launþega og einnig sjálfstæða atvinnurekendur langar að hætta að vinna með fyrra fallinu, svo að þeir hafi þá tíma til annarra hluta. Reynslan virðist sýna, að vaxandi fjöldi Evrópumanna finnst þeir hafa ráð á að hætta fyrr að vinna en þeir hugðu við upphaf starfsævinnar. Sé svo, er fækkun vinnustunda fyrir þá sök, að menn fara fyrr en áður á eftirlaun, styrkleikamerki í efnahagslegu tilliti ef eitthvað er, ekki veikleikamerki, ekki sízt ef vinnustundafækkunin helzt í hendur við aukna vinnuframléiðni, og vîkur nú sögunni að henni.

III. Vinnuframléiðni

Mynd 4 sýnir VLF á hverja vinnustund í sömu 35 löndum og áður. Hér sjáum við, að sjö Evrópulönd framléiða meira af vörum og þjónustu á hverri vinnustund en Bandaríkin. Löndin sjö (Lúxemborg, Noregur, Frakkland, Írland, Belgía, Austurríki og Holland) skiluðu áður fyrr minni framléiðslu á vinnustund en Bandaríkin, en þau uxu hraðar og skutu Bandaríkjunum að endingu aftur fyrir sig með meiri framléiðslu og minni vinnu (og með því að finna olíu eins og Norðmenn gerðu). VLF á vinnustund í Þýzkalandi er aðeins örlitlu minni en í Bandaríkjunum. Við sjáum enn, að landsframléiðsla Bandaríkjanna (sjá mynd 1) hvílir á mikilli vinnu. Mynd 4 afhjúpar einnig óhagkvæmnina (t.d. af völdum búverndarstefnu, sem leiðir til hás matarverðs, og skorts á samkeppni í ýmsum öðrum greinum að auki), sem heldur áfram að þjaka til dæmis Japan og Ísland, þar sem menn þurfa að leggja hart að sér við vinnu – næstum því til jafns við Bandaríkjamenn! – til að halda uppi mikilli framléiðslu og lífskjörum eftir því.

Mynd 5 bregður frekari birtu á sambandið milli framléiðslu og hagkvæmni úr annarri átt. Myndin sýnir á öðrum ásnum VLF á vinnustund 2005 eins og á mynd 4 og

á hinum ásnum fjölda vinnustunda 2005 eins og á mynd 2. Hér getum við greint skýrt og tölfræðilega marktækt munstur: fjöldi vinnustunda stendur í öfugu sambandi við vinnuframléiðni. Í þeim hópi landa, þar sem framleiðsla á vinnustund er meiri en 30 Bandaríkjadalir, býr Grikkland eitt við meira vinnuálag en Bandaríkin – og það er varla furða, því að sjöttungur mannaflans í Grikklandi er enn bundinn við landbúnað á móti fimmtugasta hluta mannaflans í Bandaríkjunum.

Hvernig er hægt að skýra munstrið á mynd 5? – munstur, sem einnig greinist í gögnum frá fyrri tíð. Sumum kann að sýnast munstrið lýsa vinnueftirspurn frá einu landi til annars, úr því að vinnan stendur í öfugu sambandi við vinnuframléiðni og þá um leið raunverulegan launakostnað fyrirtækjanna, því að launagreiðslur þeirra eiga að réttu lagi að standast á við vinnuframléiðnina. Þessi túlkun kemur heim og saman við skýringarnar, sem Alesina o.fl. (2005), Blanchard (2004), Prescott (2004) og Gordon (2006) hafa sett kynnt til sögunnar. Öðrum kann að sýnast munstrið á myndinni lýsa vinnuframboði eða réttar sagt þeim hluta vinnuframboðskúrfunnar, sem hallar niður á við frekar en upp á við eftir þeirri hugmynd, að hækkun launa ýti undir eftirspurn eftir tómsundum og dragi með því móti úr vinnuframboði, þar sem það á við. Líklegast virðist, að báðum fyrirbærunum sé til að dreifa. Einnig er hægt að hugsa sér, að of mikið vinnuálag – lúnar hendur! – geti dregið úr vinnuframléiðni, ef þreyta rýrir afköst.

Drögum nú saman röksemdafærsluna fram til þessa. Ef Lúxemborg ein er undan skilin, landið er alþjóðleg fjármálamiðstöð, var framleiðsla á mann 2005 minni í Evrópulöndum en í Bandaríkjunum. Bandaríkin hafa þó þá sérstöðu meðal hátekjulandanna, að bandarískir launþegar vinna mun lengri vinnuviku og fara síðar á eftirlaun en evrópskir launþegar. Í Evrópu hefur vinnustundum á hvern starfandi mann fækkað jafnt og þétt síðan 1950 með batnandi hag. Í Bandaríkjunum á hinn bóginn hefur vinnustundunum fækkað hægar. Þessi munur á álfunum tveim gæti verið til marks um sterkara vinnusiðferði, minni skattheimtu, minni samneyzlu eða veikari verklyðsfélög vestan hafs en austan, svo sem Gordon (2006) hefur lýst. Einnig er hægt að hugsa sér, að hægari fækkun vinnustunda í Bandaríkjunum en í Evrópu síðan 1950 megi rekja til þess, að Bandaríkjamenn þurfi að vinna langa vinnuviku til að geta haldið þeim lífskjörum, sem þeir hafa vanizt. Til að veða og meta þessa tilgátu þarf helzt einhvern áreiðanlegan efnahagsmælikvarða, sem er óháður fjölda vinnustunda og framleiðslu á mann eða vinnustund. Finnist slíkur kvarði, getur hann fært okkur heim sanninn um það, hvort bandarískir launþegar hafa ástæðu til að leggja

hart að sér til að halda háum tekjum frammi fyrir rýrnandi efnahag miðað við Evrópulönd. Og þá vîkur sögunni að mælingum á líkamshæð fólks.

IV. Mannmælingar og tekjuskípting

Bandaríkin hafa á að skipa færri læknum og hjúkrunarfræðingum en mörg Evrópulönd miðað við mannfjölda þrátt fyrir mun meiri útgjöld ríkis og einkaaðila til heilbrigðismála í Bandaríkjunum en í Evrópu í hlutfalli við VFL (Alþjóðabankinn, 2005). Það er alkunna, að Bandaríkjamenn lifa skemur en Evrópumenn. Nýfæddur Bandaríkjamaður 1960 gat vænzt þess að lifa að jafnaði tíu mánuðum skemur en nýfædd börn í öðrum hátekjulöndum. Árið 2003 var munurinn orðinn fimmtán mánuðir (sama heimild). Hitt vita færri, að munurinn á líkamlegu atgervi bendir einnig til sams konar misgengis milli Bandaríkjanna og Evrópu til langs tíma lítið. Samkvæmt athugunum Komlos and Baur (2004) eru hvítir Bandaríkjamenn, karlar og konur, á sjötugsaldri tveim til þrem sentimetrum hærrí í loftinu en Þjóðverjar á sama reki. Á hinn bóginn eru hvítir Bandaríkjamenn á þrítugsaldri tveim til þrem sentimetrum lægri en Þjóðverjar.⁷ Á þeim tíma, sem það tekur eina kynslóð að vaxa úr grasi, síðan 1960 eða þar um bil, hafa Þjóðverjar vaxið Bandaríkjamönnum yfir höfuð, svo að misvöxturinn nemur fjórum til sex sentimetrum að meðaltali. Fullvaxnar bandarískar konur (þá eru taldar þær einar, sem eru fæddar í landinu, svo að innflytjendur eru ekki taldir með) eru lægri í loftinu en evrópskar konur með einni undantekningu, sem er Bretland. Fullorðnir karlmenn fæddir í Bandaríkjunum eru einnig lágvaxnari en Evrópumenn nema Spánverjar, Bretar, Ítalar, Frakkar og Svisslendingar (Komlos and Lauderdale, 2006).⁸

Það er engum vandkvæðum bundið að mæla hæð manna og hefur aldrei verið. Líkamshæð ræðst einkum af vaxtarkippum í frumbersku og á unglingsárum og fer eftir næringu auk annars. Næringin fer svo aftur eftir efnahag og félagslegum aðstæðum, þar á meðal tekjum heimilanna. Ólíkt líkamsþyngd, sem ræðst af jafnvæginu milli fæðuneyzlu og orkubrennslu og getur aukizt og minnkað á víxl á ævi

⁷ Munurinn var enn meiri um miðja níttjándu öld, þegar hvítir Bandaríkjamenn mældust 174 sentimetrar að meðaltali borið saman við 167 sentimetra í Bæjaralandi. Um miðja átjándu öldina voru hvítir Bandaríkjamenn einnig sjö sentimetrum hærrí en Bretar yfirleitt.

⁸ Í úrtakinu eru Ástralía (0,5), Finnland (0,5), Austurríki (0,5), Kanada (1,5), Belgía (1,5), Þýzkaland (1,5), Noregur (2), Svíþjóð (2,5), Tékkland (2,5), Danmörk (5) og Holland (6). Tölurnar innan sviga sýna hæðarmuninn á karlmönnum í þessum löndum og í Bandaríkjunum og hlaupa á heilum og hálfum sentimetrum. Meðal kvenna nær hæðarmunurinn frá 0,5 sentimetrum í Frakklandi upp í 6,5 sentimetra í Hollandi.

mannsins, er líkamshæð fullvaxins manns er endanleg og óbreytanleg, þótt hún kunni að minnka aðeins með árunum, það byrjar yfirleitt fyrir fimmtugt. Líkamshæðin fer að mestum líkindum eftir efnahag og félagsaðstæðum í æsku. Ólíkt þyngd, getur líkamshæð veitt mikilvægar upplýsingar um hagsæld þjóðar langt aftur í tímann – um næringu, umhverfi, heilsufar, húsakost, streitu og þannig áfram. Hér eru nokkur sýnishorn af niðurstöðum mannhæðarmælinga Komlos and Baur (2004), og þær benda allar til sambands milli líkamshæðar og efnahags:

- Vestur-Þjóðverjar á öllum aldri frá tvítugu til sjötugs, karlar og konur, eru að jafnaði einum sentimetra hærri að vexti en Austur-Þjóðverjar.
- Bandarískir hátekjumenn af báðum kynjum og á öllum aldri eru einum til tveim sentimetrum hærri en bandarískir lágtekjumenn af sama kyni og á sama aldri.
- Háskólagengnir Bandaríkjamenn af báðum kynjum og á öllum aldri eru að jafnaði þrem til fjórum sentimetrum hærri en þeir Bandaríkjamenn af sama kyni og á sama aldri, sem hættu námi að lokinni grunnskólavist.

Þessar niðurstöður líkamsmælinga vekja eftirfarandi spurningu: Ef hæð manna er til marks um efnahag og félagsástæður í æsku og Evrópumenn eru orðnir mun hærri að vexti en Bandaríkjamenn öndvert því sem var 1960, hvers vegna ná þjóðhagsstærðir eins og VLF ekki að endurspeglar sömu þróun? Samanburður vinnustunda og VLF á vinnustund bendir að vísu til þess, eins og við höfum séð, að efnahagsyfirburðir Bandaríkjanna umfram Evrópu eru ekki eins augljósir og margir virðast enn telja þá vera. Eigi að síður virðist undarlegt, að ekki skuli vera greinilegra samræmi milli hagamælikvarðanna og mannhæðarmælinganna. Ef til vill færi bezt á að mæla þjóðhagsstærðir í tveim víddum líkt og tíðkast um verðbréf: með áhættudreifingu auk afraksturs – það er með því að líta ekki einvörðungu til VLF á mann eða vinnustund, heldur einnig til skiptingar hennar meðal manna. Hugsum okkur tvö lönd með sömu framleiðslu. Búi annað þeirra við mjög ójafna tekjuskiptingu, getur það gerzt, að hinir fátækustu séu vannærðir og nái ekki eðlilegri líkamshæð og þeir séu nógu margir til að draga niður landsmeðaltalið, á meðan hinir ríkustu eiga í engum erfiðleikum með ná eðlilegri hæð, en vaxa þó ekki upp fyrir hana og hafa því engin mótvægisáhrif á meðaltalið. Of mikill jöfnuður myndi lækka meðaltekjur með því að slæva hvatann til vinnu, sparnaðar og menntunar. Of lítill jöfnuður myndi með líku lagi lækka meðaltekjur með því að búa til fjölmenna lágstétt, sem er vannærð, lítt menntuð og

líklegri en aðrir hópar til að vanta vinnu eða lenda í fangelsi. Sé svo, og sé hægt að slá áreiðanlegu máli á samhengi þessara stærða, er hægt að hugsa sér hagkvæman jöfnuð – eins konar draumaland – á því bili, þar sem meðaltekjur eru í mesta lagi.

Hagkvæmur jöfnuður í þessum skilningi er frábrugðinn hugmynd Rawls (1971) um þess konar tekjuskiptingu, að lægstu tekjur séu sem mestar, og einnig andhverfunni, þar sem hæstu tekjur eru í hámarki.

Mynd 6 sýnir skiptingu ráðstöfunartekna eða neyzlu í 33 af löndunum 35 á myndum 1 og 2 eins og henni er lýst með Gini-vísitölunni.^{9,10} Tíu stiga hækkun Gini-vísitölnnar samsvarar nokkurn veginn tvöföldun á hlutfalli ráðstöfunartekna þess fimmtungs mannfjöldans, sem hefur mestar tekjur, og þess fimmtungs, sem hefur minnstar tekjur. Tíu stiga munur á Bandaríkjunum og Hollandi á Gini-kvarðann endurspeglar tífaldan mun á ráðstöfunartekjum ríkasta fimmtungsins og hins fátækasta í Bandaríkjunum borið saman við fimmfaldan mun í Hollandi. Í Belgíu, Japan og á Norðurlöndum neðst á myndinni er tekjumunurinn á ríkasta fimmtungnum og hinum fátækasta um þrefaldur. Steckel (1995) dregur upp mynd af öfugu sambandi ójafnaðar í tekjuskiptingu og líkamshæðar. Mynd 7 staðfestir niðurstöðu hans fyrir þverskurðargögnin, sem eru hér til skoðunar. Nokkrar nýlegar athuganir benda til öfugs sambands milli hagvaxtar og ójafnaðar frá einu landi til annars (Gylfi Zoega og Þorvaldur Gylfason, 2003), en um það er þó ekki hægt að fullyrða neitt að svo stöddu, málið þarfnast rækilegri skoðunar.

Meiri ójöfnuður í tekjuskiptingu í Bandaríkjunum en í Evrópu birtist í mörgum myndum.¹¹ Sjötta hvert barn í Bandaríkjunum elst upp í fátækt borið saman við tíunda hvert barn í Hollandi og tuttugasta hvert barn á Norðurlöndum. Sjöttungur Bandaríkjamanna – hópurinn er jafnfjölmennur og allur Spánn! – er ótryggður fyrir heilsubresti, þótt öll Evrópa búi við nær altækar almannatryggingar. Atvinnuleysi er minna í Bandaríkjunum en í Evrópu, rétt er það, en aðeins um helmingur atvinnulausra í Bandaríkjunum nýtur atvinnuleysisbóta. Þótt fátækrahverfi með gamla

⁹ Heimild: Alþjóðabankinn (2005). Gögn fyrir Kýpur og Möltu eru ekki til.

¹⁰ Ginistuðullinn er algengasti mælikvarðinn á ójöfnuð í skiptingu tekna eða neyzlu. Stuðullinn mælir frávik tekjuskiptingar frá fullkomnum jöfnuði og er kenndur við Corrado Gini (1884-1965), ítalskan félagsvísindamann og tölfræðing. Stuðulgildið 0 lýsir algerum jöfnuði, svo að þjóðartekjunum er þá jafnt skipt á milli allra þegna þjóðfélagsins. Stuðulgildið 100 lýsir á hinn bóginn algerum ójöfnuði, svo að öll þjóðarframleiðslan fellur þá einum þegn í skaut. Ginistuðlar heimsins spanna breitt bil, frá ríflega 20 upp í rösklega 60.

¹¹ Hér er stuðzt við Komlos and Baur (2004) og Komlos and Lauderdale (2006) og frumheimildirnar, sem þar er vísað til.

laginu heyri sögunni til í flestum evrópskum borgum, er aðra sögu að segja af Bandaríkjunum. Ekki nóg með það: í Bandaríkjunum eru tvær milljónir manna geymdar í tugthúsum, og það er átta sinnum hærra tala miðað við mannfjölda en í Evrópusambandinu (Rifkin, 2004) og tólf sinnum hærra en í Japan. Mynd 8 kann að virðast benda til beins sambands milli glæpa eins og þeir birtast í fjölda fanga miðað við mannfjölda¹² og ójafnaðar frá einu landi til annars. Sambandið er þó veikt í tölfræðilegum skilningi og hverfur sýn, ef Bandaríkin, sem sjást í norðausturhorni myndarinnar, eru numin burt úr úrtakinu, sem telur sömu lönd og mynd 5. Eigi að síður er munstrið býsna skýrt: munurinn á ójöfnuði milli landa helzt í hendur við greinilegan mun á efnahag og félagsaðstæðum og einnig líkamshæð.

Kjarni röksemdafærslunnar að framan er þessi: Þrátt fyrir mikið og þrálátt atvinnuleysi í sums staðar í Evrópu virðist efnahagslíf álfunnar standa á styrkari fótum en margir hafa viljað viðurkenna. Sjö Evrópulönd skila nú orðið meiri framleiðslu á vinnustund en Bandaríkin. Lykillinn að þessum mun á vinnuframlæiðni í álfunum tveim virðist vera sá, að Evrópumenn leyfa sér að vinna minna en Bandaríkjamenn. Ein skýring meðal annarra á minna vinnuálagi í Evrópu en í Bandaríkjunum kann að vera sú, að Evrópumenn hafa efni á að vinna minna vegna þess, að þeir njóta betri og jafnari lífskjara en Bandaríkjamenn svo sem ráða má af meiri jöfnuði í tekjuskiptingu í Evrópu en í Bandaríkjunum samkvæmt Gini-vísitölum og einnig af vaxandi líkamshæð Evrópumanna borið saman við Bandaríkjamenn. Það er brýnt að kanna og kortleggja þessa þræði með frekari hagamælingum og mannmælingum. Það bíður.

V. Að endingu

Þessi ritgerð færir rök að því, að meðaltal VLF á mann eða jafnvel á hverja vinnustund gefi ekki viðhlítandi mynd af árangri þjóða í efnahagsmálum, hvað þá heldur af velferð fólks eða hamingju, sé mikill ójöfnuður í tekjuskiptingu ekki tekinn með í reikninginn eftir því sem við á. Samt afhjúpa gögnin, sem hér eru reifuð, ekkert órækt samband milli vinnu og ójafnaðar eða milli VLF á vinnustund og ójafnaðar í iðnríkjunum innan OECD. Eigi að síður virðist misskipting auðs og tekna líkleg til að skipta máli fyrir hagþróunina til langs tíma litið, einkum ef mikill ójöfnuður sprettur af stefnu stjórnvalda til dæmis í skattamálum eða af mismunun milli þjóðfélagshópa frekar en af náttúrulegum orsökum eða fyrir tilviljun, því að almenningur á sennilega

¹² Heimild: Walmsley (2005).

auðveldara með að setta sig við síðar nefndu skýringarnar. Hagstjórn og velferðarstefna í átt að samheldni í evrópskum stíl og til að girða fyrir óhóflega misskiptingu auðs og tekna virðast skipta máli fyrir meðallíkamshæð. Samt vitum við ekki fyrir vísit, hvort hér er að finna hluta skýringarinnar á því, hvers vegna bandarískir launþegar og aðrir þurfa að vinna svo miklu fleiri stundir á ári en evrópskir launþegar. Við vitum ekki heldur, hvort lækkun Bandaríkjamanna í loftinu frá 1960 borið saman við Evrópumenn á eftir að birtast í samsvarandi hnignun Bandaríkjanna í efnahagslegu tilliti á hefðbundna mælikvarða þjóðahagsreikninga eða í tölum um vinnuframléiðni. Reynslan mun skera úr því.


Svo er sagt, að byltingarmennirnir, sem tóku Bastilluna í París 1789, hafi að meðtali verið einn og hálfur metri á hæð og 45 kíló á þyngd. Sé svo, hafa þeir litið út eins og fermingarstelpur á okkar dögum. En þetta eru kannski ýkjur. Á Englandi var þó 22 sentimetra hæðarmunur á Ólíver Twist og aðalsdrengrum við fimmtán ára aldur, en í Frakklandi var hæðarmunurinn á venjulegu fólki og yfirstéttinni sjö sentimetrar að meðaltali. Með tímanum náðu afkomendur byltingarmannanna smám saman sömu hæð og klerkastéttin og aðallinn. Frelsi, jafnrétti og bræðralag efla vöxtinn.

Tilvísanir


- Alesina, Alberto, Edward Glaeser og Bruce Sacerdote (2005), "Work and Leisure in the United States and Europe: Why So Different?," *NBER Macroeconomics Annual 2005*, nr. 20, 1-64.
- Alþjóðabankinn (2005), sjá World Bank (2005).
- Blanchard, Olivier (2004), "The Economic Future of Europe," *Journal of Economic Perspectives*, 18. árg., nr. 4, 3-26.
- Gordon, Robert J. (2006), "Issues in the Comparison of Welfare Between Europe and the United States," ritgerð kynnt fyrir Joint Conference of the Center on Capitalism and Society at Columbia University and CESifo í Feneyjum, 21.-22. júlí 2006.
- Gylfi Zoëga og Þorvaldur Gylfason (2003), "Inequality and Economic Growth: Do Natural Resources Matter?," í *Inequality and Growth: Theory and Policy Implications*, ritstj. Theo Eicher og Stephen Turnovsky, MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- Komlos, John og Marieluise Baur (2004), "From the Tallest to (One of) the Fattest: The Enigmatic Fate of the American Population in the 20th Century," *Economics and Human Biology*, 2. árg., nr. 1, marz, 57-74.
- Komlos, John og Benjamin E. Lauderdale (2006), "The Mysterious Stagnation and Relative Decline of American Heights after c. 1960," *Social Science Quarterly* (í vændum).
- Layard, Richard (2005), *Happiness: Lessons from a New Science*, Penguin Press, London.
- Maddison, A. (1980), "Monitoring the Labour Market: A Proposal for a Comprehensive Approach in Official Statistics," *Review of Income and Wealth*, júní, 175-217.
- Phelps, Edmund S. (2006), "Economic Culture and Economic Performance: What Light is Shed on the Continent's Problem?," ritgerð kynnt fyrir Joint Conference of the Center on Capitalism and Society at Columbia University and CESifo í Feneyjum, 21.-22. júlí 2006.
- Prescott, Edward C. (2004), "Why Do Americans Work So Much More than Europeans?," *Federal Reserve Bank of Minneapolis Quarterly Review*, 28. árg., nr. 1, 2-13.

- Rawls, John (1971), *A Theory of Justice*, Harvard University Press, Cambridge, Massachusetts.
- Rifkin, Jeremy (2004), *The European Dream*, Jeremy P. Tarcher/Penguin, New York.
- Scarpetta, Stefano, Andrea Bassanini, Dirk Pilat og Paul Schreyer (2000), "Economic Growth in the OECD Area: Recent Trends at the Aggregate and Sectoral Level," OECD Economic Department Working Papers nr. 248.
- Steckel, Richard H. (1995), "Stature and the Standard of Living," *Journal of Economic Literature*, 33. árg., nr. 4, desember, 1903-1940.
- Walmsley, Roy (2005), *World Prison Population List* (6. útg.), International Centre for Prison Studies, King's College, London.
- World Bank (2005), *World Development Indicators*, Washington, D.C.



Mynd 1. VLF á mann 2005
(Bandaríkjadollarar á verðlagi 2005 með kaupmáttarleiðréttingu)




Mynd 2. Fjöldi vinnustunda 2005




Mynd 3. Fækkun vinnustunda á ári 1950-2005

Mynd 4. VLF á vinnustund
(Bandaríkjadóllarar á verðlagi 2005 með kaupmáttarleiðréttingu)


Mynd 5. VLF á vinnustund og fjöldi vinnustunda 2005



Mynd 6. Gini-stuðlar, ýmis ár



Mynd 7. Líkamshæð og ójöfnuður



Mynd 8. Fjöldi fanga og ójöfnuður

